
Minnisblað

Dagsetning: 10. júní 2021
Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir
Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra
Málsnúmer/skjalalýkill: 21011462

Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi sóttvarnaaðgerðir á landamærum vegna COVID-19.

Núverandi sóttvarnaaðgerðir á landamærum eru samkvæmt reglugerð nr. 435/2021 sem tók gildi 27. apríl sl. og gildir til 15. júní nk. Samkvæmt reglugerðinni þá þurfa allir sem koma til Íslands að framvísa vottorði um neikvætt PCR próf sem ekki má vera eldra en 72 klst. gamalt og fara hér í tvær skimanir með 5 daga sóttkví á milli. Undanþegnir þessu ákvæði eru þeir sem framvísa fullgildu vottorði um bólusetningu gegn COVID-19 eða afstaðna sýkingu og börn en þessir einstaklingar þurfa að undirgangast eina skimun við komuna hingað án sóttkvíar.

Frá 1. maí 2021 hafa um 47.000 farþegar komið hingað til lands en daglegur fjöldi hefur vaxið umtalsvert að undanfögnu. Um 27.000 farþega framvísuðu vottorðum um bólusetningu gegn COVID-19 (57%) en hlutfall þessara farþega er nú komið upp í um 80%. Um 2.700 farþegar framvísuðu vottorðum um fyrri sýkingu af völdum COVID-19 (6%) og um 16.000 neikvæðum PCR vottorðum (34%). Um 2.100 börn voru skimuð á tímabilinu.

Niðurstöður skimana ofangreindra hópa sýnir að alls greindust 28 einstaklingar með virk smit (0,05%). Af þeim sem framvísuðu bólusetningavottorðum þá greindust 9 með virk smit (0,03%) og af þeim sem framvísuðu vottorðum um afstaðna sýkingu þá greindust 3 (0,1%). Af þeim 16.000 sem framvísuð neikvæðum PCR vottorðum þá greindust alls 16 með virk smit (0,1%), 9 í fyrri skimun og 7 í þeirri síðari. Af þeim 2.100 börnum sem skimuð voru þá greindust 6 með virk smit (0,3%).

Þau veiruafrbrigði sem greindust við raðgreiningu tilheyrðu flest alfa (breska) afbrigðinu en einnig greindust nokkrir með delta (indversku) og beta (Suður-Afrísku) afbrigðin. Nokkur afbrigðinna ollu nokkrum hópsýkingum innanlands og voru þau öll af völdum breska afbrigðisins.

Eftir 1. apríl sl. þá greindust 28 einstaklingar innanlands með COVID-19. Öll smitin voru af völdum fárra veiruafrbrigða sem rakin voru til landamæranna nema í einu tilviki hjá nokkrum einstaklingum þar sem ekki var hægt að rekja afbrigði veirunnar til landamæranna. Þetta sýnir að eitt eða örfá veiruafrbrigði geta sett hér af stað hópsýkingar en það hefur raunar verið staðfest fyrr í Covid faraldrinum.

Bólusetning gegn COVID-19 hefur gengið vel hér á landi. Nú hafa um 198 þúsund einstaklingar fengið a.m.k eina sprautu bóluefnis og rúm 100 þúsund verið full bólusettir. Rúmlega 90% þjóðarinnar, 50 ára og eldri hefur fengið a.m.k. eina bólusetningu en tæplega 50% þeirra sem yngri eru. Enn er því nokkuð í land með að góðu hjarðónæmi verði náð meðal yngri einstaklinga en vonir standa til að ásættanlegri þátttöku (60-70%) verði náð í lok þessa mánaðar (júní).

Að undanfögnu hefur verið slakað á sóttvarnatakamörkunum innanlands og von er á frekari tilslökunum um miðbik þessa mánaðar (júní). Enn er því hættu á hópsýkingum meðal yngri einstaklinga á meðan að viðunandi þátttaka í bólusetningum hefur ekki verið náð sérstaklega þegar haft er í huga að ný afbrigði veirunnar eru að valda alvarlegri sýkingum hjá yngra fólki erlendis. Mikilvægt er einnig að hafa í huga að einstaklingsbundið ónæmi fæst fyrst eftir um 3

vikur eftir fyrstu bólusetningu sem þarf að hafa í huga þegar hugað er að afléttingum skimana á landamærum.

Ég tel því mikilvægt að viðhalda þeim árangursríku sóttvarnaaðgerðum á landamærum þar til að viðunandi þátttöku í bólusetningum yngri aldurshópa hefur verið náð eða um 60-70%. Ætla má að því marki verði náð um mánaðarmótin júní-júlí.

Ég legg því til eftirfarandi sóttvarnaaðgerðir á landamærum svo fremi að ekkert óvænt komi upp varðandi faraldurinn og kórónaveiruna sem honum veldur:

1. Núverandi fyrirkomulag sóttvarnaaðgerða verði óbreytt til 1. júlí 2021.
2. Þann 1. júlí 2021 verði:
 - a. Hætt að skima þá sem framvísa fullgildum vottorðum um bólusetningu eða vottorðum um fyrri sýkingu af völdum COVID-19.
 - b. Hætt verði að skima börn við komuna hingað til lands.
 - c. Þeir sem ekki geta framvísað vottorðum um bólusetningu eða fyrri sýkingu þurfi áfram að framvísa neikvæðum PCR vottorðum sem ekki eru eldri en 72 klst. gömul. Þeir þurfi jafnframt að fara í tvær PCR skimanir með 5 daga sóttkví á milli. Stefnt verði að endurskoðun þessa fyrirkomulags um miðjan júlí mánuð.